

Nd. 250. Frumvarp til laga [125. mál]

um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 24/1956, sbr. l. nr. 28/1959.

(Lagt fyrir Alþingi á 82. löggjafarþingi, 1961.)

1. gr.

Niður falli b-liður 52. gr. laganna, en í hans stað komi:

Almenn læknishjálp utan sjúkrahúsa hjá samlagslækni sjúklings. Samlagsmenn á báðum verðlagssvæðum, samkv. 10. gr., greiða fyrir viðtöl og vitjanir, svo og önnur lækniverk unnin samkvæmt gjaldskrá héraðslækna, gjald, sem nánar er ákveðið í reglugerð, ef samlagsmaður er í sjúkrasamlagsréttindum, og innheimtir þá lækni hjá sjúkrasamlagi það, sem honum ber að auki samkvæmt samningi eða gjaldskrá. Sjúkrasamlag hefur heimild til að ákveða, að sjúklingur greiði lækni- reikninga að fullu, og endurgreiðir samlag þá sjúklingi sinn hluta. Sé sjúklingur ekki í réttindum í sjúkrasamlagi, greiðir hann lækni að fullu, og sama máli gegnir um utanhéraðssjúklinga.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta um breytingu á almannatryggingalögum er háð því, að samþykkt verði frumvarp um breytingu á 2. málsgrein 10. greinar læknaSKIPUNARLAGA, nr. 16/1955. Er gert ráð fyrir því, að á 2. verðlagssvæði verði einnig tekið ákveðið gjald af sjúklingum, sem svari til gjalds þess, sem greitt er á 1. verðlagssvæði, sbr. lög nr. 28/1959.